

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 17. janúar 2019, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Í breytingunni felst að orðalagi og kvöðum er varða landnotkun á lóð A á skipulagssvæðinu er breytt. Lóð A verður blönduð íbúðar- og atvinnuhúsaloð eftir breytingu í stað hreinnar atvinnuhúsaloðar og að auki viðbót er varðar heimild fyrir leikskólastarfsemi á reitnum með leiksvæði í inngarði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunesvegur 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 23. janúar 2019, breytingu á deiliskipulagi Gufuness vegna lóðarinnar nr. 10 við Gufunesveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar til suðausturs vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við núverandi hús (móttöku- og flokkunarstöð). Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Einarsnes 30-32.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 24. janúar 2019, breytingu á deiliskipulagi Skildinganes vegna lóðarinnar nr. 30-32 við Einarsnes. Í breytingunni felst að heimilt verði að stækka efri hæð íbúða með því að byggja út á hluta þaksvala, nánar tiltekið yfir bilgeymslu beggja íbúða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. janúar 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2019